

**Ed.**

**173. Tillaga**

til þingsályktunar um að fella niður útflutningsgjald af síld, er seld var til Rússlands 1927.

Flutningsmaður: Erlingur Friðjónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta niður falla innheimtu á útflutningsgjaldi af síld þeirri, sem seld var til Rússlands haustið 1927.

### Greinargerð.

Eins og tekið er fram í umsókn þeirri, sem hér fylgir með, hefir sild sú, er seld var til Rússlands á síðasta hausti, verið seld kr. 4,71 undir framleiðsluverði hver tunna. Stafaði þetta lága verð á síldinni af framboði Norðmanna á sild á rússneskum markaði á sama tíma og íslenska síldin var seld. Nú er það kunnugt, að Norðmenn leggja ekkert útflutningsgjald á sild, sem seld er frá Noregi til Rússlands, og styðja síldarseljendur á ýmsan annan hátt við söluna. Geti því Norðmenn hæglega boðið síldina fyrir lægra verð en íslenskir framleiðendur, meðan aðstaða þeirra er ekki að neinu leyti bætt frá því, sem nú er.

Þessi tillaga til þingsályktunar ber það með sjer, að umrætt útflutningsgjald hefir ekki enn verið greitt af síldareigendum. Hefir hæstv. fjármálaráðherra veitt gjaldfrest á því þangað til andvirði síldarinnar er fallið í gjalddaga.

### Fylgiskjal.

Svo sem kunnugt er, þá voru seldar til Rússlands síðasta sumar 25000 tonn af síldarframleiðslu ársins, verðið var 18 danskar krónur tunnan fob, eða sem svarar ísl. kr. 21,87 pr. tunnu komin um borð. Framleiðsluverðið var fyrir hverja tunnu ísl. kr. 26,58, svo sem meðfylgjandi kostnaðarskilgrein ber með sjer. Þar sem nú hver tunna hefir selst kr. 4,71 undir raunverulegum framleiðslukostnaði og hér er um nýtt sölusvið að ræða, þá er það áskorun vor til þingsins, að það veiti þeim, sem afhent hafa sild þessa, algerða eftirgjöf á útflutningsgjaldinu.

Akureyri, 27. desember 1927.

F. h. Sölnunefndar síldarseljenda til Rússlands sumarið 1927.

Ingvar Guðjónsson,  
p. t. formaður.

### *Framleiðslukostnaður á 1 tunnu af saltsild sumarið 1927.*

Tunna ... ..	5,90
Salt ... ..	2,15
Sild ... ..	10,00
Bryggjuleiga ... ..	1,00
Söltun ... ..	1,15
Vinnulaun ... ..	2,00
Matslaun ... ..	0,15
Vatnsskattur ... ..	0,04
Bending o. fl. ... ..	0,65
Útskipun ... ..	0,45
Útsvar ... ..	0,40
Útflutningsgjald ... ..	1,50

<b>Sölu</b> kostnaður	...	...	...	...	0,44
<b>Sim</b> akostnaður	...	...	...	...	0,03
<b>Skrifstofu</b> kostnaður	...	...	...	...	0,04
<b>Fyrning</b> á tunnum	...	...	...	...	0,03
<b>Vátrygging</b>	...	...	...	...	0,15
<b>Rentur</b>	...	...	...	...	0,50
				<b>Krónur</b>	<b>26,58</b>